

58

8. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting alþjóða-fjarskiptareglugerða.

Samkvæmt alþjóða-fjarskiptasamningunum frá Madrid 1932, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 9. marz 1934, hefir ríkisstjórn Íslands í dag staðfest eftirfarandi alþjóða-fjarskiptareglugerðir síma- og loftsketaráðstefnunnar í Cairo 1938 til að gilda fyrir Ísland:

1. Reglugerð um ritsímaviðskipti ásamt þar að lútandi lokafundargerð, dags. 4. apríl 1938;
2. Reglugerð um talsímaviðskipti ásamt þar að lútandi lokafundargerð, dags. 4. apríl 1938;
3. Reglugerð um radio-viðskipti ásamt tilheyrandi lokafundargerð, dags. 8. apríl 1938;
4. Viðbótarreglugerð um radio-viðskipti ásamt tilheyrandi lokafundargerð, dags. 8. apríl 1938.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 8. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.

Stjórnartíðindi 1939, A. 6.

59

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, en fjármálaráðuneytið telur nauðsyn á að hafa tollheimtu og tolleftirlit, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Ráðuneytið gerir skrá um það, hvar tollstjórar hafa aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafa umboðsmenn, og birtir skrána í Lögbirtingablaðinu og B-deild Stjórnartíðindanna. Verði breytingar á skránni, auglýsir ráðuneytið það á sama hátt.

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 5. gr. laganna bætast 2 nýjar málsgreinar:

Skipstjóra aðkomuskips, sem er innan landhelginnar, ber að sigla skipi sínu til ákvörðunarstaðar eins beina leið og eins hraðfara og ástæður leyfa.

Þá er tollstjórninni heimilt, ef henni þykir ástæða til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast að utan hafna innan landhelginnar.